

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík, 31. maí 2024
UST202405-320/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029- Minni-Ólafsvellir og Vesturkot

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 30. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 fyrir Minni-Ólafsvellir og Vesturkot.

Í greinargerð kemur fram gert er ráð fyrir að hluta landbúnaðarsvæðis verði breytt í íbúðarbyggð (um 0,4 ha) og verslunar- og þjónustusvæði (5 ha). Auk þess kemur fram að heimilt verður að vera með tvö ný íbúðarhús og þrjár íbúðir og gistingu í allt að 10 gestahúsum þar sem hvert hús getur verið allt að 60 m² að stærð og heildarfjöldi gesta allt að 70. Einnig er stefnt að því að vera með ýmiss konar afþreyingu, einkum tengda hestum. Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur